

Brjef stjórnarráðsins til bæjarfógetans í Reykjavík um innflutning á hundi.**23**

Stjórnarráðinu hefir borist beiðni frá Sigurði Guðmundssyni afgreiðslumanni hjer í bænum, um að honum verði leyft að flytja hjer í land hund frá útlöndum, ættaðan frá Spáni.

6. febr.

Eftir að hafa leitað álits dýralæknisins í Reykjavík um þetta mál, hefir stjórnarráðið, samkvæmt lögum nr. 56 frá 10. nóv. 1905, sbr. lög nr. 25, 9. júlí 1909, veitt leyfi til þessa með eftirfarandi skilyrðum:

1. að dýralæknir skoði hundinn áður en hann er fluttur í land og hafi ekkert við heilbrigði hans að athuga.
2. að hundinum sje haldið í sóttkvi, svo að hann komi eigi saman við aðra hunda, undir umsjón dýralæknis í 35 daga, og að hann eftir þann tíma reynist að öllu leyti heilbrigður.

Þetta er yður, herra bæjarfógeti, hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar, að því viðbættu, að nefndum afgreiðslumanni hefir verið tilkylnt leyfi þetta hjeðan.

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Arnessýslu um sveitfesti þurfalings.**24**

Borgarstjórinn í Reykjavík hefir með brjefi, dags. 11. f. m., áfrýjað til stjórnarráðsins úrskurði yðar, herra sýslumaður, dags. 17. nóv. f. á., um ágreining milli hreppsnefndar Gnúpverjahrepps og sín útaf sveitfesti Einars Einarssonar, Laugaveg 72 hjer í bænum, sem viðurkent er, að fæddur sje í Háholti í Gnúpverjahreppi hinn 9. apríl 1858, en maður þessi varð sveitarstyrksþurfandi hjer í bænum um miðjan nóvembermánuð 1910, og sýna skjöl málsins, að hinn 9. des. það ár hafði hann þegið 35 kr. styrk.

7. febr.

Eftir þeim skýrslum, sem liggja fyrir í málinu, verður að telja sannað, að þurfamaður þessi hafi hvergi verið búinn að vinna sjer sveit, er hann fjekk leyfi til að setjast að í Reykjavík haustið 1900. Hefir hann dvalið þar síðan og enginn styrkur verið veittur úr bæjarsjóði fyr en í nóv. 1910 eins og áður er greint, eða eftir að hann hafði dvalið þar rúmlega 10 ár samfleytt. Hinsvegar er það upplýst í málinu, að hann hafði á árunum 1908, 1909 og 1910 verið hjálparþurfi og öll þau ár notið riflegs styrks úr Gnúpverjahreppi. Styrk þenna taldi borgarstjórinn í Reykjavík sveitarstyrk og krafðist því, að hreppsnefnd Gnúpverjahrepps viðurkendi sveitfesti manns þessa þar, og greiddi $\frac{2}{3}$ hluta hins veitta styrks. Hreppsnefnd Gnúpverjahrepps hjelt því aftur á móti fram, að styrkur þessi gæti eigi talist sveitarstyrkur, þarsem hann væri veittur með samskotum hreppsþúa, en eigi úr sveitarsjóði. Leiddi þetta til áðurnefnds úrskurðar yðar, sem kveður svo á, að umræddur þurfamaður skuli teljast sveitlægur í Reykjavík. Úrskurðinum hefir síðan verið áfrýjað hingað, eins og fyr er greint, og þess krafist, að honum verði hrundið og þurfamaðurinn úrskurðaður sveitfastur í fæðingarrhrepnum, og hann skyldaður til að greiða $\frac{2}{3}$ hins veitta styrks.

Samkvæmt skýrslum þeim, sem hreppsnefnd Gnúpverjahrepps hefir gefið um samskot þar í hreppi handa þurfamanni þessum, hafa flestir búandi menn í

24 hreppnum tekið þátt í þeim eftir líkum hlutföllum og aukaútsvörum er jafnað
 7. febr. niður. Ástæðan til samskotanna var í byrjun sú, að þurfamaðurinn sneri sjer til hreppsnefndaroddvitans þar og það hjálpar, og var það síðan samþykkt á almennum sveitarfundi að skjóta saman handa honum, og samskotin voru, eftir eigin játningu hreppsnefndarinnar, hin síðari ár gerð beinlínis í þeim tilgangi að sveitfesta mann þenna í Reykjavík, en hreppsnefndin neitar því, að hún sem slík hafi átt þátt í samskotunum, enda sje ekkert um þetta skráð í bókum hennar, og samskotunum hafi ekki verið blandað að neinu leyti saman við sveitarsjóðinn. Þó er það játað, að sami maður, sem var oddviti hreppsnefndarinnar, hafi haft á hendi innheimtu samskotanna.

Samkvæmt þessum málavöxtum verður það að teljast alveg ótvírætt, að aðferð sú, sem höfð hefir verið við styrkveiting þessa, og tilgangur hennar fari ekki einungis í bága við anda fátækralaga 10. nóv. 1905, heldur sje einnig bein tilraun til að fara kring um 63. gr. þeirra, og samskotin að skoðast sem tilraun til að fara kring um niðurlag 32. gr. sömu laga. En af þessu leiðir, að samskotin verða að teljast eiginlegur sveitarstyrkur og ber því að fella úrskurð yðar úr gildi.

Því úrskurðast.

Umræddur Einar Einarsson skal vera sveitfastur í Gnúpverjahreppi og ber hreppssjóði þar að greiða bæjarsjóði $\frac{2}{3}$ hinna nefndu 35 kr. með 23 kr. 34 a.

Þetta er yður hjermeð tjáð til leiðbeiningar og birtingar fyrir hreppsnefnd Gnúpverjahrepps.

25 Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Þingeyjarsýslu um framkvæmd laga
 14. febr. nr. 15, 11. júlí 1911, um erfðafjárskatt.

Með brjefi, dagsettu 12. f. m., hafð þjer, herra sýslumaður, spurst fyrir um, hvort eigi beri að skilja lög nr. 15, 11. júlí 1911, um erfðafjárskatt, svo, að ákvæði þeirra um upphæð skattsins gildi aðeins um dánarbú þeirra, sem andast eftir 31. des. 1911, svo að af öllum eldri búum beri að telja skattinn eftir hinum eldri lögum um erfðafjárskatt, þótt skiftum sje ekki lokið fyr en 1912 eða síðar.

Útaf þessu skal yður hjermeð tjáð yður til leiðbeiningar, að með því að skýrt er ákveðið í 8. gr. nefndra laga, »að erfðafjárskattur komi í gíaldþaga við lát arfleifanda«, þá verður skatturinn að heimtast eftir hinum eldri lögum af öllum arfi, sem til fellur eftir þá menn, sem andast hafa fyrir 1. jan. 1912. Þetta ákvæði, sem er alveg samkvæmt hinni eldri löggjöf, kemur ekki í bága við 14. gr. laganna, sem segir að lögin öðlist gildi 1. jan. 1912, með því að allur áður fallinn arfur, þá þegar er fallinn í skatt, og aðeins um frest edur drátt að ræða á greiðslu hans. Gagnstæð skoðun í þessu efni mundi leiða til þess, að dráttur skiftaráðanda á að skifta búí, gæti orðið til þess að leggja þyngri skatt á erfingja en þeir annars hefðu átt að bera.